

Gildin okkar

Við erum sjálfstætt og traust þekkingar-samfélag sem hefur fagmennsku, sköpun og samstarf að leiðarljósi.

Fagmennska

Við erum faglegir bakhjarlar háskólanema og þeirra sem sinna fræði- og ritstörfum á Norðurlandi og sköpum brú milli fræða og samfélags með miðlun og samstarfi. Við sýnum færni og ábyrgð í störfum okkar.

Sköpun

Við erum hugmyndarík og skapandi, hvetjum og styðjum og miðlum ferskum straumum inn í samfélagið.

Samstarf

Við setjum markið hátt og trúum því að saman náum við betri árangri sem samfélag. Við brúum bil með því að hvetja til fjölfaglegs samstarfs um samfélag, vísindi og menningu og virkjum og tengjum saman ólíka aðila.

Um AkureyrarAkademíuna

AkureyrarAkademían er sjálfseignarstofnun sem starfar eftir staðfestri skipulagsskrá í samræmi við lög og reglur en þar er kveðið á um starfsstefnu og markmið, stjórn og fulltrúaráð, ársfundi o.fl.

Viltu
gerast
félagi?



Hafðu
samband!

☎ 833 9861

✉ akak@akak.is

🌐 akak.is

🏠 Sunnuhlíð 12, 603 Akureyri

Vantar þig
vinnu-
aðstöðu?



Akureyrar
akademían

Fagmennska - Sköpun - Samstarf

AkureyrarAkademían

AkureyrarAkademían er fræða- og þekkingarsetur sem var stofnað árið 2006. Við bjóðum einstaklingum upp á vinnuaðstöðu og almenningi upp á fjölbreytta viðburði, ýmist á eigin vegum eða í samstarfi við aðra.



Vinnuaðstaðan


Skrifborð, nettenging, aðgangur að prentara, fundar- aðstöðu og kaffistofu er á sanngjörnu verði. Við leggjum áherslu á góða aðstöðu, hvetjandi umhverfi og skemmtilegan starfsanda. Yfir 100 einstaklingar hafa unnið að verkefnum sínum í AkureyrarAkademiunni. Hópurinn er fjölbreyttur og fræða- og áhugasviðin um 50 talsins. Háskólanemar, sjálfstætt starfandi fræðimenn, listafólk og frumkvöðlar hafa haft vinnuaðstöðu hjá okkur. Við vitum að í nútímasamfélagi er ómetanlegt að hafa tryggan samastað til að sinna hugðarefnum sínum en líka til að njóta félagskapar og stuðnings.

Við tökum vel á móti þér!



Miðlun þekkingar

Frá upphafi hefur AkureyrarAkademían lagt áherslu á að kynna rannsóknir og skapandi hugmyndir sem hafa auðgað mannlíf og menningarstarf á Akureyri. Við höfum staðið fyrir ríflega 150 viðburðum þar sem lögð hefur verið áhersla á að tengja saman mismunandi hópa og að virkja almenning til þátttöku. Fjölbreytt starfsemi hefur þjónað öllum aldurshópum en sérstök áhersla verið lögð á að sinna eldri borgurum.



Samstarf

AkureyrarAkademían hefur lengi átt farsælt samstarf við Háskólann á Akureyri og ReykjavíkurAkademiuna og í samstarfi við Akureyrarbæ bjóðum við einstaklingum upp á endurgjaldslausu aðstöðu til að vinna að þróun nýsköpunar- og frumkvöðlaverkefna. Einnig hafa fjölmargar opinberar stofnanir, félög og fyrirtæki, unnið með okkur að fræðslu- og menningarmálum í gegnum tíðina eða lagt þeim lið.

